



BA ritgerð
Félagsráðgjöf

Birtingarmyndir þolenda heimilisofbeldis

Einkenni meðal barna og ungmenna

Svava Hrund Einarsdóttir

Leiðbeinandi: Dr. Sigrún Harðardóttir
Júní 2019



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Birtingarmyndir þolenda heimilisofbeldis
Einkenni meðal barna og ungmenna

Svava Hrund Einarsdóttir

010181-4969

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf

Leiðbeinandi: Dr. Sigrún Harðardóttir

Stærð ritgerðar í ECTS einingum: 12 einingar

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2019

Birtingarmyndir þolenda heimilisofbeldis: Einkenni meðal barna og ungmenna

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Svava Hrund Einarsdóttir, 2019.

Reykjavík, Ísland, 2019.

Útdráttur

Rannsóknir hafa sýnt fram á að heimilisofbeldi hefur djúpstæð áhrif á þroska barna og að þau glími við afleiðingar þess fram á fullorðinsár. Fjallað verður um þroska barna út frá fræðilegu sjónarhorni sem draga fram mikilvægi tengslamyndunar og góðra uppeldisskilyrða við mótun einstaklings. Fjallað verður um heimilisofbeldi, kenningu um hringrásarferli í ofbeldissamböndum ásamt því að gerð er grein fyrir skilgreiningum Barnaverndarstofu á ofbeldi gegn börnum. Fjallað verður um forvarnarverkefni gegn heimilisofbeldi sem unnin hafa verið á Íslandi og haft áhrif á verkferla lögreglu og félagsþjónustu í aðkomu slíkra mála. Börn hafa lögbundinn rétt á vernd og stuðningi frá yfirvöldum og samfélaginu til að alast upp við þroskavænleg skilyrði og er því fjallað um löggjöf sem snúa að réttindum barna. Leitast er við að svara spurningunum: Hver eru einkenni þess að börn hafa orðið fyrir neikvæðum áhrifum af heimilisofbeldi? Hefur heimilisofbeldi langtímaafleiðingar á börn? Hver er lögbundinn réttur barna til að búa við öryggi og velferð? Helstu niðurstöður ritgerðarinnar eru þær að barn sem býr við heimilisofbeldi verður fyrir áhrifum þess og getur næmt auga greint birtingarmyndir þeirra áhrifa í hegðun barnsins. Heimilisofbeldi getur haft slæm áhrif á þroska og velferð barna og langtímaafleiðingar slíkrar heimilisaðstæðna fyrir börn geta birst í líkamlegum, félagslegum og sálrænum vandkvæðum. Börn hafa lögbundinn rétt til verndar og samfélagið ber samfélagslega ábyrgð á að framfylgja lögnum með inngripum. Þessar niðurstöður benda til þess að þekking og skilningur samfélagsins á áhrifum heimilisofbeldi á börn sé ekki nægur. Af þeim sökum er mikilvægt að halda áfram að rannsaka heimilisofbeldi og bæta þannig við fræðilega og samfélagslega þekkingu á sviðinu.

Formáli

Ritgerðin er 12 eininga (ECTS) lokaverkefni í BA-námi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi var Dr. Sigrún Harðardóttir, lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Sigrúnu vil ég þakka fyrir þolinmæði meðan skrif ritgerðarinnar stóðu yfir. Sérstaklega vil ég þakka elskulegri mágkonu minni, Erlu Lind Þórisdóttur fyrir góða leiðsögn og yfirlestur á ritgerðinni. Hörpu Þorbjörnsdóttur vil ég þakka fyrir dýrmætan stuðning og hvatningu. Einnig vil ég þakka manninum mínum, Gústaf Guðbrandssyni, og dætrum mínum tveimur, Guðnýju Björgu og Silju Dís fyrir birtuna sem þau færa inn í líf mitt.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	5
1 Inngangur	7
2 Þroski barna og unglunga	11
2.1 Vistfræðikenning Bronfenbrenner	11
2.2 Tengslakenningar	13
3 Áhrif heimilisofbeldis á börn	17
3.1 Heimilisofbeldi	17
3.2 Birtingarmyndir áhrifa heimilisofbeldis á börn	20
3.3 Afleiðingar heimilisofbeldis á börn	22
4 Forvarnarverkefni gegn heimilisofbeldi	25
4.1 Stuðningur við börn sem búa við heimilisofbeldi	25
4.2 Að halda glugganum opnum	26
4.3 Saman gegn ofbeldi	27
5 Lög og réttindi barna	29
5.1 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	29
5.2 Barnaverndarlög og barnalög	30
5.3 Aðalnámskrá, lög og reglugerðir	31
6 Niðurstöður og umræða	33
Heimildaskrá	37

Inngangur

Bernskuminningar sem einstaklingar deila gjarnan með vinum og vandamönnum einkennast oft af gleði, frelsi, uppátækjasemi eða vandræða í kjölfar barnslegrar hegðunar. Flestir eiga góðar og ástúðlegar minningar en því miður er ekki algilt að ljómi bernskunnar nái fótfestu í minningarbanka barna vegna þess að þau alast upp við óviðunandi heimilisaðstæður. Fræðimenn hafa bent á að uppeldisskilyrði barna geti verið með ýmsu móti og að erfitt geti verið að skipta sér af fjölskyldulífi annarra (Turner og Horton, 2009) því heimilisofbeldi er oft vel falið leyndarmál fjölskyldunnar (Ingólfur V. Gíslason, 2007). Að ala upp barn er vandasamt því reynslan mótar einstaklinginn, hvernig hann þroskast og upplifir heiminn (Berk, 2009). Til að verja velferð barna eru hér á landi í gildi barnalög nr. 76/2003 með það að markmiði að tryggja barni að foreldrar vandi samskipti sín á milli, gæti ávallt hagsmuna barnsins til þroska og velferðar ásamt því að vernda þau gegn ofbeldi (barnalög nr. 76/2003). Einnig eru í gildi barnaverndarlög nr. 80/2002 sem hafa það markmið að veita börnum vernd og umönnun. Lögin skylda almenning til að tilkynna allan grun um óviðunandi uppeldisaðstæður til barnaverndarnefndar (barnaverndarlög nr. 80/2002). Til viðbótar eru einnig í gildi lög um grunnskóla nr. 91/2008 sem tryggja börnum enn fremur rétt á vernd og umönnun í formi aðstoðar og sértækrar þjónustu sem miðast af persónulegum þörfum hvers og eins (lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Heimilisofbeldi getur haft djúpstæð áhrif á börn og sem trufla þroskaferil þeirra (Margolin og Vikerman, 2007). Andlegt álag hlýst af því að búa við aðstæður þar sem andrúmsloftið er hlaðið spennu og ekki hægt að sjá fyrir hvort ofbeldisverknaður sé yfirvofandi (Sadock og Sadock, 2007). Börn eru viðkvæm og geta hlotið alvarlegar afleiðingar af streituvaldandi aðstæðum og atburðum sem geta varið allt þeirra líf og haft hamlandi áhrif á lífsgæði þeirra (Ingólfur V. Gíslason, 2008; Lamers-Winkelmann, Willemsen og Visser, 2011; Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006) og er áfallastreita algeng meðal barna og ungmenna sem hafa alist upp við heimilisofbeldi (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006; Tsavoussis, Stawicki, Stoicea og Papadimos,

2014). Félagslegur þroski getur takmarkast, líkamlegur þroski raskast, sálræn vandamál geta verið umfangsmikil og skerðing orðið á getu til náms (Lamers-Winkelman o.fl., 2011; Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006; Tsavoussis o.fl., 2014).

Markmið ritgerðarinnar er að draga fram alvarleika heimilisofbeldis með sérstakri áherslu á áhrif og afleiðingar þess á börn sem búa við ofbeldi sem beinist að öðrum en ekki þeim sjálfum. Leitast verður við að svara eftirfarandi spurningunum: Hver eru einkenni þess að börn hafa orðið fyrir neikvæðum áhrifum af heimilisofbeldi? Hefur heimilisofbeldi langtímaafleiðingar á börn? Hver er lögbundinn réttur barna til að búa við öryggi og velferð?

Ritgerðinni er skipt upp í sex kafla. Í þessum kafla, inngangi, hefur verið gefið yfirlit yfir helstu þætti sem varða efni ritgerðarinnar. Markmið voru tilgreind, rannsóknarspurningar settar fram og uppbyggingu ritgerðarinnar lýst. Næstu fjórir kaflar, annar, þriðji, fjórði og fimmti kafli, fjalla um fræðilegan bakgrunn verkefnisins og verður þeim gerð skil hér á eftir.

Í öðrum kafla er fjallað um þroskaferil barna út frá fræðilegu sjónarhorni þar sem gerð er grein fyrir mikilvægi tengslamyndunar og góðum uppvaxtarskilyrðum þeirra. Í því sambandi er fjallað um vistfræðikenningu Urie Bronfenbrenner (1979; 1994) og tengslakenningar John Bowlby (1982; 1988) og Ainsworth (1979; Ainsworth, Blehar, Waters og Wall, 1978).

Þriðji kafli er fjallar um skilgreiningu á heimilisofbeldi og ferli hringrásar ofbeldis út frá kenningu Walkers (2000) um ofbeldishringinn. Einnig er fjallað um helstu skilgreiningar og flokka ofbeldis samkvæmt viðmiðum Barnaverndarstofu. Gerð verður grein fyrir birtingarmyndum áhrifa heimilisofbeldis á börn á hegðun og líðan barna og að lokum verður greint frá afleiðingum heimilisofbeldis á börn út frá rannsóknum.

Í fjórða kafla verður fjallað um forvarnarverkefni gegn heimilisofbeldi sem hafa verið sett á laggirnar hér á landi. Fyrst er gerð grein fyrir tilraunaverkefni Barnaverndarstofu sem náði yfir tvö ár. Því næst er fjallað um tilraunaverkefnið „Að halda glugganum opnum“ sem unnið var á Reykjanesi og að endingu er samstarfsverkefnið „Saman gegn ofbeldi“ tekið til umfjöllunar.

Fimmta kafli fjallað um lög sem eiga að tryggja rétt barna og velferð. Farið er yfir ákvæði sem snúa að vernd barna gegn ofbeldi og annarri háttsemi sem ógnar velferð

þeirra í tengslum við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, barnaverndarlög nr. 80/2002 og barnalög nr. 76/2003. Atriði innan laga um grunnskóla (nr. 91/2008) sem koma að rétti barna um að þörfum þeirra sé mætt innan skóla og stuðlað sé að velferð þeirra eru dregin fram sem og efnisþættir sem snúa að velferð barna í aðalnámskrár grunnskóla og reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.

Í sjötta kafla eru niðurstöður settar fram, þær ræddar í fræðilegu ljósi ásamt því að ályktanir verða af þeim dregnar.

■ Þroski barna og unglunga

Í þessum kafla verður fjallað um þroskaferil barna út frá fræðilegu sjónarhorni. Teknar verða til umfjöllunar kenningar sem beina sjónum að mikilvægi tengslamyndunar barna ásamt góðum aðbúnaði til uppvaxtar. Byrjað verður á að fjalla um vistfræðikenningu Bronfenbrenner (1979; 1994) og í kjölfarið tengslakenningar Bowlby (1982; 1988) og Ainsworth o.fl. (1978).

2.1 Vistfræðikenning Bronfenbrenner

Bandaríski barnasálfræðingurinn Urie Bronfenbrenner (1979; 1994) rannsakaði þroskaferil barna og setti fram *vistfræðikenningu* (e. *ecological theory*) sem lýsir samspili barns og umhverfis og áhrifum þess á þroskaferlið. Í kenningunni dregur Bronfenbrenner fram að samfélög eru samansett af kerfum sem hafa bein og óbein áhrif á þroska barna, sem leiða til gagnvirkra tengsla á milli einstaklings og umhverfis. Bronfenbrenner bendir á að því betri og traustari sem tengslin eru þeim mun jákvæðari áhrif hafa þau á þroskaferil barnsins. Hann flokkaði kerfin í *nærkerfi* (e. *microsystems*), *miðkerfi* (e. *mesosystems*), *stofnanakerfi* (e. *exosystems*), *heildarkerfi* (e. *macrosystems*) og *lífkerfi* (e. *chronosystems*). Hér á eftir verður fjallað nánar um hvert kerfi fyrir sig en út frá þeim næst heildrænn skilningur á þroskaferil barna (Bronfenbrenner, 1979; 1994).

Nærkerfið á við nánasta umhverfi barnsins; þá sem tengjast og standa því næst, svo sem foreldrar, systkini, skólafélagar og kennarar (Bronfenbrenner, 1979). Til að gagnkvæm samskipti innan nærkerfa stuðli að jákvæðri aðlögun í þroska þurfa þau að einkennast af góðum tengslum, hvatningu, hlýju og leiðsögn. Eðli samskiptanna hafa þannig áhrif á líðan, heilsu, aðlögunarhæfni og þroska barnsins. Viðbrögð barnsins við einstaklingum og hópum innan kerfisins hafa að sama skapi áhrif á þá svörun sem barnið fær. Góð tengsl, hvetjandi og jákvæð samskipti ýta undir jákvæð áhrif nærkerfisins á þroska barnsins.

Miðkerfið nær yfir samskipti og tengsl milli nærkerfa á borð við samskipti heimilis og skóla, tengsl barns við foreldra sína og tengsl foreldra við vini barnsins (Bronfenbrenner, 1979). Samskiptahættir milli nærkerfa geta haft afgerandi áhrif á þroskaferil barns. Góð tengsl og jákvæð samskipti milli heimilis og skóla hafa jákvæð áhrif á þroska því líklegra er að barnið búi við góðan aðbúnað og hljóti viðeigandi stuðning. Aftur á móti getur dregið úr öryggiskennð barnsins ef ójafnvægi og andstæðar tilfinningar verða á tengslum innan nærkerfis. Ójafnvægi

skapast til að mynda ef foreldri samþykkir ekki vini barnsins og barnið finnur fyrir togstreitu milli foreldra og vina sinna.

Stofnanakerfið inniheldur stærri stofnanir á borð við skóla-, félags- og heilbrigðiskerfi, vinnustað foreldra og stórfjölskyldu (Bronfenbrenner, 1979). Kerfið hefur óbein áhrif á daglegt líf barnsins vegna tengingar við minni kerfi þess. Langir vinnudagar foreldris hafa þannig áhrif á gæði og fjölda samverustunda sem þau hafa með barninu. Foreldri sem er undir álagi á vinnustað vegna stórra verkefna, mikillar ábyrgðar eða fær ítrekað ekki verðskuldaða stöðuhækkun er hætt við að láta tilfinningar sínar bitna á barni sínu. Annað dæmi um óbein áhrif stofnanakerfis á velferð og þroska barns er gæði og aðgengi að heilbrigðiskerfi samfélagsins. Verði barn fyrir slysi, veikist eða hefur að öðrum sökum þörf fyrir aðhlyningu hefur gott aðgengi að heilbrigðisþjónustu jákvæð áhrif á velferð þess ásamt því að auknar líkur verða á að barn fái stuðning ef grunur vaknar hjá starfsfólki um slæman aðbúnað eða aðrar heimilisaðstæður sem hafa neikvæð áhrif á þroskaferil þess.

Heildarkerfið er umgjörð samfélagsins þar sem þættir á borð við gildandi lög og reglur, þjargir, trú, menningu ásamt gildum samfélagsins eru innan þess (Bronfenbrenner, 1979). Þjóðerni, efnahags- og samfélagsleg staða hefur áhrif á hugsunarhátt, líðan og þroska barna vegna áhrifa samfélagsins en sem dæmi má nefna barnalög, skólalög og aðrar reglur innan menningar sem hafa áhrif á uppeldisskilyrði barna.

Lífkerfið nær til þeirra atburða og breytinga sem verða á högum barnsins á þroskaskeiðinu (Bronfenbrenner, 1994). Breytingar á fjölskylduaðstæðum, búsetu og efnahagsstöðu eru dæmi um ytri breytingar en innri breytingar eiga sér stað hjá barninu sjálfu vegna aukins þroska eða áfalla sem barnið verður fyrir. Breyting á hegðun getur þar af leiðandi verið einkenni vanlíðunar. Aldur barns hefur áhrif á upplifun þess á breytingum og hver áhrif atvika eru á þroska þess.

Kenningin dregur fram samspil umhverfis og einstaklings á þroskaferil barna ásamt því að varpa ljósi á að gildi og viðmið innan menningar eru einnig áhrifaþættir í mótun einstaklinga (Beckett og Taylor, 2012). Þessi nálgun sem vistfræðikenningin byggist á getur þannig auðveldað vinnu við uppbyggingu forvarna og úrræða til að auka líkur á góðum alhliða þroska barna og ungmenna.

2.2 Tengslakenningar

Áhrif John Bowlby (1982) var frumkvöðull *tengslakenninga* (e. *attachment theory*). Kenning Bowlby mótaðist út frá rannsókn hans á viðbrögðum barna við aðskilnað frá móður sem hann lýsti í þremur stigum. Fyrsta stig kenningarinnar lýsir *mótmælum* (e. *protests*) barnsins þegar móðir fer. Barnið mótmælir með gráti, öskrum og köllum eftir móður sinni. Bowlby leit svo á að þessi hegðun barnsins sé tilraun til að aftra aðskilnaðinum en sömu hegðun er beitt þegar móðir kemur til baka en þá í formi refsingar vegna aðskilnaðarins. Á öðru stigi gætir örvæntingar hjá barninu, það verður niðurdregið og missir alla von um svörun frá móður við mótmælunum. Á þriðja stigi hefur orðið tengslarof og barnið sýnir lítinn áhuga á að leita að móður sinni. Barnið lokar sig af og veigrar sér við að tengjast öðru fólki. Þegar hér er komið sögu hefur barnið *bælt* (e. *repressed*) tilfinningar sínar í varnarskyni sem sannfærði Bowlby um að aðskilnaður móður og barns væri ekki ákjósanlegur.

Tengslahegðun er hugtak sem Bowlby (1988) lýsti og byggist á gæðum tengsla sem barn á við móður sína strax í frumbersku. Gæði tengsla eru háð því hversu vel móðir svarar þörfum barnsins. Sterk og góð tengsl verða þegar móðir er næm á þarfir barnsins og bregst við þeim af athygli. Öryggiskennd vaknar hjá barninu og það er sátt og ánægt. Þannig hefur barnið náð að byggja upp grunn til framtíðar sem stuðlar að heilbrigði, sjálfbærni og hamingju. Ef öryggi barnsins hvað varðar tengsl þess við móður er ógnað vekur það upp tilfinningar á borð við hræðslu, afbrýði og kvíða og ef móðirin nær ekki góðri tengingu við barnið verður tilfinningalíf þess fyrir neikvæðum áhrifum. Í stað öryggis og ánægju þróar barnið með sér kvíða og vonbrigði ásamt innri átökum, skammar og sjálfsásökunar. Bowlby taldi þessar niðurstöður sýna fram á að samband væri milli tengslamyndunar í frumbersku og hæfni einstaklingsins á að mynda tengsl við annað fólk síðar á lífsleiðinni.

Samstarfskona Bowlbys, Mary Ainsworth, gerði rannsókn sem var í grunninn var byggð á tengslakenningu Bowlbys (Ainsworth, 1979; Ainsworth ofl., 1978). Hún taldi að hegðun og viðbrögð barna væru lærd út frá tengslum þess við móður. Skapgerð og heilsufar barns taldi hún einnig áhrif á myndun tengsla við móðurina vegna áhrifa sem erfitt skap barns og langvarandi veikindi geta haft á svörun móður. Rannsóknin fólst í því að móðir kom með barn sitt í óþekkt herbergi þar sem ókunnug kona sat. Leikföng voru í boði fyrir barnið. Eftir stutt spjall yfirgaf móðirin herbergið í nokkrar mínútur en svo fór ókunnuga konan út. Augnabliki síðar fór móðirin líka út og þá var barnið eitt eftir í herberginu. Ókunnuga konan kom stuttu

seinna inn og svo loks móðirin en þá fer ókunnuga konan aftur út. Ferlið tók hálf klukkustund og var fest á myndband. Út frá því hvernig mæðurnar og börnin brugðust við fjarveru og nærveru, greindi Ainsworth þrjár tegundir tengsla: *Örugg tengsl* (e. *secure attachment*), *óörugg tengsl* (e. *insecure attachment*), og *tvíbend tengsl* (e. *ambivalent attachment*). Fjórðu tegund tengsla nefndi hún *óreiðutengsl* (e. *disorganised attachment*) (Hesse og Main, 2000). Hér á eftir verður útskýrt nánar hvað einkennir hverja tengslagerð fyrir sig.

1. *Örugg tengsl* milli móður og barns er tegund tengsla sem lýsir sér þannig að barnið er rólegt nálægt móður sinni, er tilbúið til að fara úr fangi hennar og kanna ókunnar aðstæður (Ainsworth o.fl., 1978). Barnið finnur fyrir öryggi og ánægju og gefur sig að móður sinni öðru hvoru. Þegar móðir yfirgaf herbergið varð barnið órólegt en lét auðveldlega huggast þegar hún kom aftur. Móðirin sýndi ástúð og hlýju og brást við þörfum barnsins út frá tjáningu þess.
2. Börn sem áttu í *óöruggum tengslum* við móður sína höfðu áhuga á að kanna umhverfið en sýndu lítil viðbrögð þegar móðirin fór fram; skældu hvorki né leituðu að henni (Ainsworth o.fl., 1978). Þegar hún kom til baka leituðust börnin ekki eftir nálægð við hana heldur hundsuðu nærveru hennar og sýndu ókunnugu konunni sama viðmót. Mæður þessara barna gáfu sig lítið að þeim og sýndu ekki þörfum þeirra skilning. Varnarháttur barnsins var að bæla þarfir sínar til að koma í veg fyrir höfnun.
3. *Tvíbend tengsl* milli móður og barns telur Ainsworth (1979) tilkomin vegna ósamræmis í viðbrögðum móðurinnar við þörfum barnsins. Barnið verður óörugg og kvíði því móðir þeirra mætir þeim stundum en hafnar líka. Þessi börn véku ekki frá móður sinni á meðan á rannsókninni stóð. Þau virtust óörugg með ókunnugu konunni og mótmæltu harðlega þegar móðirin fór út úr herberginu. Börnin kröfðust þess að vera tekin upp þegar móðirin kom til baka en ýttu henni samt frá sér og spörkuðu í hana.
4. *Óreiðutengsl* er tegund tengsla sem koma upp þegar barn upplifir ótta í garð móður. Barnið sýnir móður óskipulögð viðbrögð; bæði hafnandi og hangir í henni. Viðbrögð barna sem búa við óreiðutengsl geta líka verið að þau „frjósi“ við brottför og komu móður og sýna þau hvorki jákvæð né neikvæð viðbrögð. Barnið er statt í

tilfinningalegri óvissu vegna móður og sér ekki fyrir hvort hlýja eða ógn er í vændum. Ótti og vanmáttur eru einkennandi tilfinningar þessara barna. Skýringar að baki þessari hegðun taldi Ainsworth vera þær að mæður þessara barna sýndu ýmist vanræktu eða beittu þau ofbeldi (Hesse og Main, 2000).

Það sem er ólíkt í kenningum Bowlby (1988) og Ainsworth (1979; Hesse og Main, 2000) er að Bowlby taldi líkamlega nálægð og blíðu frá móður nægja til að barnið fyndi fyrir öryggi. Ainsworth(1979) hélt því fram að næmni móður á þarfir barnsins og svörun við þeim væri undirstaða tengsla.

Hér hefur verið fjallað um fræðileg sjónarhorn sem gera grein fyrir mikilvægi þess að börn búi að góðum tengslum. Að auki var fjallað um samspil umhverfis og einstaklings á þroskaferil barna út frá vistfræðikenningu Bronfenbrenner (1979; 1994). Í næsta kafla verður hugtakið heimilisofbeldi skilgreint. Gerð verður grein fyrir hringrás ofbeldishringsins ásamt skilgreiningum og viðmiðum Barnaverndarstofu á ofbeldi gegn börnum.

■ Áhrif heimilisofbeldis á börn

Í þessum kafla verður fjallað um skilgreiningu á heimilisofbeldi og ferli hringrásar ofbeldis út frá kenningu um ofbeldishringinn. Einnig verður fjallað um helstu skilgreiningar og flokka ofbeldis samkvæmt viðmiðum Barnaverndarstofu. Gerð verður grein fyrir birtingarmyndum áhrifa heimilisofbeldis á börn á hegðun og líðan barna og að lokum verður greint frá afleiðingum heimilisofbeldis á börn út frá rannsóknum.

3.1 Heimilisofbeldi

Heimilisofbeldi er að öllu jöfnu skilgreint sem ofbeldi milli fjölskyldumeðlima eða annarra einstaklinga sem tengjast tilfinningaböndum, óháð menningu, kynþætti, trúarbrögðum og kyni (Ingólfur V. Gíslason, 2007). Rannsóknir sýna að meirihluti þolenda eru konur og gerendur karlmenn sem beita valdi með kúgun og stjórnun og nýta til þess líkamlega yfirburði sína gagnvart konunni. Heimilisofbeldi er gjarnan talið til kynbundins ofbeldis af þessum sökum þó það sé ekki algilt. Heimilisofbeldi á sér ýmsar birtingarmyndir sem getur verið tilfinningalegt og sálrænt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi og fjárhagslegt ofbeldi. Í þessari ritgerð er sjónum beint sérstaklega að tilfinningarlegu og líkamlegu ofbeldi þar sem slíkt ofbeldi er sérstaklega skilgreint innan skilgreiningar- og flokkunarkerfi barnaverndar á Íslandi og fjallað verður um hér á eftir.

Hugtök sem rannsakendur hafa gjarnan notað í rannsóknum á ofbeldi í nánnum samböndum eru makaofbeldi, fjölskylduofbeldi og kynbundið ofbeldi (Honor, 2005). Rannsóknir hafa sýnt fram á að í heimilisofbeldismálum er ekki um einstök tilvik að ræða heldur endurtekin atvik (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Sett hefur verið fram kenning um þróun og ferli í tengslum við heimilisofbeldi. Kenningin um *ofbeldishringinn* (e. *the cycle theory of violence*) lýsir endurtekningu ofbeldisatvika í nánnum samböndum sem hringrás þriggja ferla sem á sér stað í ofbeldissamböndum (Walker, 2000). Mismunandi er hversu lengi hvert ferli varir en það ræðst af hverju ofbeldissambandi fyrir sig. Ferillinn er þó talinn halda sér.

Ferill ofbeldishringsins hefst með því að spenna byggist upp sem einkennist af minniháttar ofbeldi og er gjarnan andlegs eðlis (Walker, 2000). Dæmi um atburðarrás í upphafi ferils getur verið að gerandi lýsi óánægju sinni á matseld með því að henda disknum fullum af mat í gólfíð. Algengt er að þolendur bregðist við með því að þóknast geranda, sýna geranda umhyggju, undirgefni og láta lítið fyrir sér fara til að koma í veg fyrir að ástandið magnist upp. Kona sem

hefur verið um tíma í ofbeldissambandi lærir að hegðun geranda getur versnað með þeim afleiðingum að næsta ferli hefst.

Næsta ferli einkennist af því að líkamlegu ofbeldi er beitt eftir að uppsöfnuð spenna nær hámarki (Walker, 2000). Mikil eyðilegging á sér stað á húsmunum vegna stjórnleysis geranda, hann slær, hrækir, sparkar, kýlir, hrindir, tekur kverkatak, nauðgar og grípur jafnvel til vopna. Gerandinn kemur í veg fyrir að þolandi fari og að hringt sé eftir aðstoð. Hann áreitir börnin og beitir þau jafnvel ofbeldi. Þolandi reynir að verja sig, reynir að ró ástandið og/eða svarar með ofbeldi. Þolendur leita sér yfirleitt ekki læknaaðstoðar nema áverkar séu lífshættulegir.

Að lokum hefst ferli sem einkennist af iðrun geranda á yfirstöðnum ofbeldisverknaði (Walker, 2000). Gerandi leggur sig fram við að bæta fyrir gjörðir sínar, gefur loforð um að atvik verði ekki endurtekið og að hann muni ekki frammar missa stjórn á sér, sérstaklega ef þolandi endurtekur ekki þá hegðun sem ögraði honum. Þolandi treystir orðum gerandans og trúin styrkist í samhengi við umhyggju gerandans ásamt augljósri iðrun. Tímabil sem einkennist af ró hefst en smám saman fer spenna að byggjast upp aftur sem hrindir af stað annarri hringrás sömu ferla (Walker, 2000).

Fræðimenn hafa á undanförunum áratugum lagt áherslu á rannsóknir á heimilisofbeldi þar sem konur eru þolendur og karlar gerendur. Aukning hefur hins vegar orðið á rannsóknum sem skoða afleiðingar heimilisofbeldis á börn (Øverlien, 2010) en vegna skorts á samræmingu skilgreininga og mælinga hafa vandkvæði komið upp hjá rannsokendum við samanburð rannsókna á börnum sem *útsett* (e. *exposed*) hafa verið fyrir heimilisofbeldi (Prinz og Feerick, 2003) en í því felst að hafa verið vitni að ofbeldi milli heimilismeðlima, hlustað á yfirstandandi ofbeldi, fundið fyrir spennu í andrúmslofti í kjölfar ofbeldisins, séð ummerki ofbeldis á skemmdum húsmunum, rifnum fötum og/eða líkamlega áverka.

Skilgreiningar- og flokkunarkerfi (hér eftir kallað SOF) í barnavernd á Íslandi var sett upp með það markmið að samræma vinnubrögð fagfólks og einfalda vinnslu greininga á tilkynningum til barnaverndaryfirvalda (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012). Samkvæmt SOF er ofbeldi gegn börnum skilgreint sem athöfn af hálfu foreldris eða annars aðila sem leiðir til, eða er líklegt til að leiða til, skaða á þroska barns. Innan SOF er ofbeldi gegn börnum skipt í fjóra flokka sem allir hafa undirflokka. Flokkarnir eru: Foreldri beitir barn tilfinningalegu ofbeldi, Foreldri beitir barn líkamlegu ofbeldi, foreldri beitir barn kynferðislegu ofbeldi, ofbeldi

gagnvart ófæddu barni, (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012), flokkur kynferðisofbeldis verður ekki tekinn til umfjöllunar.

Tilfinningalegt ofbeldi felur í sér eftirfarandi atriði. Barnið er niðurlægt, foreldri gerir kröfur til barns en tekur ekki mið af aldri þess og þroska, þörfum barnsins er ekki sinnt á fullnægjandi hátt og barnið fær það hlutverk að uppfylla þarfir foreldrisins eða verndar ekki barnið fyrir að verða útsett af ofbeldi innan fjölskyldunnar. Tilfinningalegt ofbeldi gegn barni hefur eftirfarandi þrjá undirflokka:

1. Niðurlægjandi athugasemdir sem snúa að útliti eða athöfnum barnsins. Uppnefning eða barninu refsað með því að neita um nauðsynjar.
2. Óraunhæfar kröfur til barnsins sem hæfir hvorki aldri þess né þroska. Barnið notað sem tilfinningalegur stuðningur við foreldið og þarfir barnsins álitnar þær sömu og foreldrisins.
3. Barn verður vitni að ofbeldi milli foreldra sinna eða systkina. Ofbeldi af hendi foreldris gagnvart systkini eða annarra (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012).

Líkamlegt ofbeldi er skilgreint sem ásetningur um að valda líkamlegum skaða eða skaði sem verður með óbeinum hætti líkt og athöfn sem veldur líkamlegum skaða. Helstu atriði undirflokka líkamlegs ofbeldis gegn barni eru eftirfarandi:

1. Líkamlegt ofbeldi er þegar barn er slegið, kýlt, í það er sparkað, hlutum hent í barn eða barnið er hrist. Ummerki eru á borð við mar, brunasár, roða eða örmyndunar en einnig geta áverkar verið innvortis líkt og gat á hljóðhimnu, tognun, heilaskemmdir eða skemmdir vegna eitrunar á líffærum. Ofbeldið er framið af ásetningi.
2. Ofbeldi með óbeinum hætti er þegar barni er gert að innbyrða efni sem valda líkamlegum skaða. Eitur, skaðleg lyf, skemmdur matur og eigin saur eru dæmi um skaðvaldandi efni.
3. Barn flutt milli lækna vegna veikinda í þeim tilgangi að fá lyf fyrir það eða með það markmið að koma barninu í lækniáðgerð án raunverulegrar ástæðu eða vegna áverka af völdum foreldris eða annars (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012).

Ofbeldi gagnvart ófæddu barni telst til hegðunar sem setur líf og heilsu þess í hættu. Þessi flokkur hefur þrjá undirflokkar og eru helstu atriði eftirfarandi:

1. Neysla áfengis og annarra vímuefna á meðgöngu.
2. Maki beitir ófríska konu ofbeldi á meðgöngu og setur þar með barnið í hættu. Ef móðirin fer ekki frá ofbeldisfullum maka er hún gerandi ofbeldis gagnvart ófæddu barni sínu.
3. Vanræksla móður á meðgöngueftirliti og þegar móðir vanrækir að næra sig og ófætt barn sitt (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012).

Af þessu er ljóst að ofbeldi gegn börnum hefur ýmsar birtingamyndir. Samkvæmt SOS getur verið tilfinningalegt, líkamlegt og andlegt (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2012) og hafa flokkarnir verið skilgreindir nákvæmlega til að fyrirbyggja misskilning á því hvað falli undir ofbeldishegðun. Þar sem heimilisofbeldi hefur áhrif á alla þá einstaklinga sem búa á heimilinu er vert að ræða áhrif heimilisofbeldis á börn.

3.2 Birtingarmyndir áhrifa heimilisofbeldis á börn

Ofbeldi á heimilum er samfélagsvandi sem hefur hvað mest áhrif á hag barna (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Heimilisofbeldi hefur neikvæð áhrif á tilfinningalega- og andlega heilsu barna (Devaney, 2015) hvort sem ofbeldið beinist beint að börnunum eða óbeint (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Að búa við heimilisofbeldi er almennt talið til andlegs ofbeldis, hvort sem börnin verði vitni af því eða ekki (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006; Umboðsmaður barna, 2012). Andlegt ofbeldi er talið skaðlegra en líkamlegt ofbeldi þar sem það beinist að tilfinningum og sjálfsvirðingu barnsins (Sadock og Sadock, 2007; Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006). Börn sem verða vitni að og/eða búa við heimilisofbeldi eru í meiri hættu á að verða einnig fyrir líkamlegu ofbeldi (Devaney, 2015; Hornor, 2014; Jeevasuthan og Hatta, 2013; Monnat og Chandler, 2015; Yount, DiGirolamo og Ramakrishnan, 2011) ásamt því að misbrestur getur orðið á í uppeldi barna (Guðrún Kristinsdóttir, 2014) vegna vanrækslu. Líkamlegar og andlegar þarfir barns eru vanræktar og umsjón og eftirliti er ekki fylgt eftir þar sem þolandi er ekki í stakk búinn til að sinna þörfum barna sinna vegna líkamlegra meiðsla eða andlegrar vanlíðunar í kjölfar ofbeldisins (Devaney, 2015).

Börnum sem búa við slíkar heimilisaðstæður hættir til að vera í stöðugri spennu, upplifa stjórnleysi, hjálparleysi, ótta og kvíða en andrúmsloft heimilis er litað af ofbeldinu hvort sem barn verður vitni að því eða ekki (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Langvarandi tilfinningaástand af þessu tagi fellur undir skilgreiningu fræðimanna á hugtakinu áfallastreituröskun (Sadock og Sadock, 2007; Lamers-Winkelman o.fl., 2011; Jeevasuthan og Hatta, 2013; Margolin og Vikerman, 2007; Tsavoussis o.fl., 2014). Foreldrar telja sér trú um að barnið verði einskis vart en boðskipti milli þeirra breytast og barnið skynjar það. Til staðfestingar eru jafnvel marblettir, eymsli eða rifinn fatnaður og/eða húsgögn sem hafa færst til (Umboðsmaður barna, 2012). Börn þjást oft í hljóði vegna hollustu sinnar við fjölskyldu sína og vegna þess ber að nálgast málefnið af varúð (Ingólfur V. Gíslason, 2008). Ástæða þagmælsku barnanna er ótti, sársauki, niðurlæging og skömm sem fylgir slíku heimilisástandi (Mullender o.fl., 2002).

Heimilisofbeldi er falinn vandi og oft mikið fjölskylduleyndarmál (Ingólfur V. Gíslason, 2008; Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006). Meirihluti barna sem verða vitni að heimilisofbeldi verða fyrir áhrifum þeirrar reynslu, bæði til lengri og skemmri tíma en þó eru áhrifin ekki einsleit milli einstaklinga. Birtingarmyndir áhrifa heimilisofbeldis eru gjarnan hegðunarerfiðleikar, tilfinningalegur sársauki, angist, þunglyndi, lágt sjálfsmat, félagslegir erfiðleikar og færni við að leysa félagsleg vandamál er bágborin. Birtingarmyndir geta einnig komið fram í líkamlegum óþægindum eins og tíðum maga- og höfuðverkjum og svefntruflunum, tengslavanda, námserfiðleikum og áfallastreituröskun. Líkur á áfallastreitu og misnotkun vímuefna eru meiri hjá börnum sem hafa búið við heimilisofbeldi (Sadock og Sadock, 2007; Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006). Áhrif heimilisofbeldis á einstaklinga geta verið mismunandi meðal annars vegna þess að börn eru ólík að upplagi og eru hegðunareinkenni barna því ekki einsleit. Hluti barna bregst við á úthverfan hátt sem lýsir sér í árásargjarnri hegðun eða hegðun sem samræmist ekki stað og stund. Önnur börn bæla vanlíðan sína og þróa þannig með sér þunglyndi, kvíða og draga sig í hlé félagslega. Þessi innhverfu viðbrögð auka líkur á sjálfsmorðshugleiðingum og áfallastreitu en einkenni hennar eru á borð við slaka frammistöðu í námi ásamt slakri tjáningarhæfni, minniserfiðleikum, hömluleysi og athyglisvanda. Rannsóknir hafa sýnt að áhrif heimilisofbeldis á drengi og stúlkur eru svipuð en þó eru drengir líklegri til að sýna úthverfa hegðun en stúlkur innhverfa (Evans, Davies og DiLillo, 2008; Sadock og Sadock, 2007).

3.3 Afleiðingar heimilisofbeldis á börn

Frumbernska er talin afar mikilvægt tímabil í lífi einstaklings þar sem upplifanir, örvun og áreiti hafa mótandi áhrif á þroska barna og reynslan mótar afstöðu einstaklingsins til heimsins síðar í lífinu (Berk, 2009). Heimilisofbeldi er málaflokkur sem hefur fengið töluverða athygli fræðimanna en afleiðingar þess á börn voru lengi vel ekki viðurkenndar (Jeevasuthan og Hatta, 2013). Undanfarna tvo áratugi hafa rannsóknir í auknum mæli beinst að börnum sem verða vitni að ofbeldi milli foreldra sinna (Holt, Buckley og Whelan, 2008). Alþjóðleg rannsókn sem var framkvæmd árið 2005 leiddi í ljós að um 275 milljónir barna verða ítrekað vitni að heimilisofbeldi. Á Íslandi verða um 2,5% barna vitni að heimilisofbeldi á ári hverju eða um 2000 börn (Örnólfur Thorlacius, 2011). Rannsóknir sem hafa lagt áherslu á upplifun barnanna sýna fram á að sum þeirra þróa með sér langvarandi og alvarleg sálræn vandamál en önnur virðast komast nokkuð heil frá slíkri reynslu (Lamers-Winkelman o.fl., 2011).

Viðurkennt hefur verið að heimilisofbeldi er áhættuþáttur í þroskaferil barna og getur stofnað heilsufari þeirra í hættu (Fergusson og Horwood, 1998). Rannsóknir á afleiðingum heimilisofbeldis fyrir börn hafa beinst að félagslegum og sálrænum vanda sem og hegðunarvanda (Jeevasuthan og Hatta, 2013) en hafa í auknum mæli beinst að skammtíma- og langtímaafleiðingum (Lamers-Winkelman o.fl., 2011). Rannsóknir sýna að tíðni og alvarleiki ofbeldisins hefur áhrif á hversu alvarlegar afleiðingar hljóttast af því að búa við heimilisofbeldi ásamt því að aldur barnsins hefur áhrif á hversu berskjaldað það er fyrir áhrifum þess (Lamers-Winkelman o.fl., 2011).

Niðurstöður rannsókna innan taugavísinda gefa vísbendingar um að áföll barna hafi djúpstæðari afleiðingar en áður var talið. Heilabroski barna er sérstaklega viðkvæmur fyrir streitu (Margolin og Vikerman, 2007). Rannsóknir benda til þess að börn sem verða vitni að heimilisofbeldi í frumbersku, glími við *sálfélagslegan aðlögunarvanda* (e. *maladaptation*) sem þýðir að þau eigi í erfiðleikum með að laga sig að umhverfi og aðstæðum hverju sinni en slíkur vandi orsakast af röskun sem orðið hefur á miðtaugakerfinu (Tsavoussis o.fl., 2014). Barn sem er útsett fyrir slíkum ofbeldisverknaði getur orðið fyrir því að lífeðlislegar umbreytingar verða á uppbyggingu heilans, vegna streituvíðbragða, sem hafa afdrifaríkar persónulegar og félagslegar afleiðingar (Tsavoussis o.fl., 2014).

Upplifun barna af heimilisofbeldi gerir þau berskjölduð fyrir *áfallastreituröskun* (e. *post-traumatic stress disorder; PTSD*). Áfallastreituröskun er greind út frá innhverfum og úthverfum

hegðunareinkennum (Lehmann og Ellison, 2001) og ljóst hefur verið í ríflega tvo áratugi að afleiðingar þess að verða vitni að heimilisofbeldi geta leitt til áfallastreitu hjá börnum. Sýnt hefur verið fram á að alvarlegir aðlögunar- og hegðunarerfiðleikar geta þróast í kjölfar áfallsins ásamt því að álag snemma á lífsleiðinni hefur verið tengt hugrænum erfiðleikum. Þessi vandkvæði geta fylgt einstaklingnum fram á unglings- og fullorðinsár (Tsavoussis o.fl., 2014).

Lehmann og Ellison (2001) stóðu fyrir fjölþjóðlegri rannsókn á börnum sem dvöldu með mæðrum sínum í kvennaathvörfum fyrir þolendur heimilisofbeldis sem leiddi í ljós að 98% barna sem útsett voru fyrir heimilisofbeldi endurupplifðu atburðinn, höfðu martraðir og endurlit. Niðurstöður voru þær að 52% barna sýndu merki um forðun þar sem einstaklingur forðast að ræða og hugsa um atburðinn. Enn fremur reyndust 74% upplifa örvandi einkenni, einbeitingarskort, svefntruflanir og pirring.

Nýleg rannsókn sem miðaði að því að greina áhrif heimilisofbeldis á sálrænan þroska barna með áherslu á tilfinninga- og félagslega þætti, leiddi í ljós að börn sem útsett eru fyrir heimilisofbeldi skortir færni í félagslegum samskiptum og eru gjörn á að glíma við innhverfan vanda (Carracedo, Farina og Seijo, 2018). Börn sem búa við heimilisofbeldi er hættara við að búa yfir lakari félagsfærni en önnur börn og þeim gengur oft erfiðlega að mynda og viðhalda félagslegum tengslum við jafnaldra vegna aðlögunar- og tilfinningavanda. Þau finna frekar fyrir streitu í félagslegum samskiptum, þunglyndi, kvíða, vanmætti, hafa lágt sjálfssálit og sjálfsmat.

Rannsókn Lucindu Árnadóttur og Urðar Njarðvík (2017) beindist að hegðunarvanda og líðan íslenskra barna sem höfðu orðið vitni að heimilisofbeldi. Niðurstöður voru í takt við sambærilegar erlendar rannsóknir. Þolendur voru allt að þrisvar sinnum líklegri til að líða illa í skóla og eru margfalt líklegri til sjálfsvígshugsana. Börn sem höfðu reynslu af heimilisofbeldi mældust með hærri tíðni þegar kom að kvíða og þunglyndi en börn sem ekki bjuggu við heimilisofbeldi (Lucinda Árnadóttir og Urður Njarðvík, 2017).

Í þessum kafla var fjallað um hugtakið heimilisofbeldi, ofbeldishringinn og gerð voru skil á skilgreiningar- og flokkunarkerfi barnaverndarnefndar hér á landi. Fjallað var um birtingarmyndir áhrifa sem heimilisofbeldi hefur á börn ásamt því að farið var yfir rannsóknir sem draga fram afleiðingar heimilisofbeldis á börn voru settar. Í næsta kafla verður fjallað um forvarnarverkefni sem unnin hafa verið hér á landi með það markmið að sporna við heimilisofbeldi.

■ Forvarnarverkefni gegn heimilisofbeldi

Í þessum kafla verður fjallað um forvarnarverkefni gegn heimilisofbeldi sem hafa verið sett á laggirnar hér á landi. Byrjað verður á því að gera grein fyrir tilraunaverkefni Barnaverndarstofu til tveggja ára. Því næst verður fjallað um tilraunaverkefnið *Að halda glugganum opnum* sem unnið var á Reykjanesi og að endingu samstarfsverkefnið *Saman gegn ofbeldi*.

4.1 Stuðningur við börn sem búa við heimilisofbeldi

Barnaverndarstofa, barnaverndarnefndir ásamt lögreglu höfuðborgarsvæðisins unnu um tveggja ára skeið, á árunum 2011–2013, að nýrri nálgun í heimilisofbeldismálum sem var tilraunaverkefni Barnaverndarstofu (Ragna Björg Guðbrandsdóttir, 2013). Markmið verkefnisins var að tryggja barnvæna nálgun í málum heimilisofbeldis þegar börn komu við sögu. Unnið var eftir verklaginu „Þjónusta við börn sem búa við heimilisofbeldi“.

Barnaverndarstofa hóf vinnslu við könnun á málum barna sem bjuggu við heimilisofbeldi árið 2008 og leitaðist við að bæta þjónustu í slíkum málum (Ragna Björg Guðbrandsdóttir og Steinunn Bergmann, 2014). Skráning á tilkynningum vegna heimilisofbeldis tíðkaðist ekki svo eitt upphafsskrefa Barnaverndarstofu var að óska eftir skráningu slíkra mála. Tölfræði skráninganna vörpuðu ljósi á að standa þyrfti betur að slíkum málum og að brýnt væri að breyta verklagi í aðkomu málanna. Niðurstaða könnunarinnar var í samræmi við erlenda rannsókn í sama málaflokki, það er að íhlutun væri tilviljanakennd í tilkynntum málum tengdum heimilisofbeldi. Takmörkuð áhersla var lögð á börn í slíkum aðstæðum þrátt fyrir að rannsóknir hafa dregið fram á sjónarsviðið að afleiðingar ofbeldis á börn vara til langs tíma, hvort sem ofbeldið hafi verið andlegt eða líkamlegt (Ragna Björg Guðbrandsdóttir, 2013).

Framkvæmd verkefnisins var þannig að þegar tilkynning um heimilisofbeldi barst og börn voru á staðnum hafði lögreglan á höfuðborgarsvæðinu samband við barnaverndarstarfsmann sem mætti á staðinn til þess að athuga með líðan barnanna og ræða við þau (Ragna Björg Guðbrandsdóttir, 2013). Metin var þörf fyrir áfallahjálp og boðið upp á meðferðarviðtöl eins fljótt og hægt var. Viðtölin fóru fram utan heimilisins. Eftir því sem leið á verkefnið og tilkynningum fjölgaði voru settar á bakvaktir hjá félagsþjónustu svo hægt væri að manna flest útköllin en bakvaktarstarfsmaður ræddi við foreldra á meðan félagsráðgjafi ræddi við börnin. Leitast var við að benda á úrræði til að rjúfa mögulegan vítahring ásamt því að foreldrar fengju fræðslu um skaðsemi heimilisofbeldis á börn.

Meðan á verkefninu stóð, fengu samtals 296 börn þjónustu, 216 þeirra fengu aðstoð barnaverndarstarfsmanns í kjölfar útkalls lögreglu (Ragna Björg Guðbrandsdóttir, 2013). Flest börnin voru á aldrinum 0–5 ára en í þeim tilfellum fengu foreldrar fræðslu um skaðsemi heimilisofbeldis. Flest barnanna bjuggu á svæði sem tilheyrði Barnavernd Reykjavíkur, eða 56,4%. Sá sem beitti ofbeldinu var í 50,7% heimilisfaðirinn og í 56,2% tilfella var viðkomandi undir áhrifum áfengis eða vímuefna. Niðurstöður sýndu einnig að í 42,5% tilfella náði lögregla og barnaverndarnefnd að sætta aðila en í 36,3% tilfella þurfti lögreglan að fjarlægja gerandann.

Markmið verkefnisins var að sýna fram á mikilvægi þess að hlúa að börnum sem búa við heimilisofbeldi, ræða við þau og leyfa þeim að tala um atburðinn (Ragna Björg Guðbrandsdóttir, 2013). Börnum var tryggð meðferð með það að leiðarljósi að vinna með afleiðingarnar sem heimilisofbeldi hefur í för með sér. Eins og niðurstöður sýndu eru vísbendingar um að gerendur glími við vímuefnavanda í mörgum tilvikum sem eykur mikilvægi þess að félagsþjónustan komi að tilkynningum um heimilisofbeldi í þeim tilgangi að leggja mat á aðstæður og hlúa að börnunum. Margar rannsóknir hafa verið gerðar hér á landi sem snúa að heimilisofbeldi en þær hafa einkum beint sjónum að konum sem verða fyrir ofbeldi. Talið er að einungis rati 17% tilvik heimilisofbeldis til lögreglu en af þeim málum sem lögregla hefur haft afskipti af voru í 75% tilfella börn á heimilinum. Því er ljóst að verkefni Barnaverndarstofu var brýnt og greinileg þörf á innleiðingu nýrra vinnubragða í viðbrögðum tilkynninga um heimilisofbeldi.

4.2 Að halda glugganum opnum

Velferðarvaktin var sett á laggirnar til að fylgjast með skilyrðum barna og fjölskyldna í kjölfar efnahagshrunsins (Velferðarráðuneyti, 2013). Íbúar af Suðurnesjum óskuðu eftir úttekt á stöðu samfélagsins vegna gruns um vanda heimila. Niðurstöður sýndu að atvinnuleysi var hvergi hærra á landinu en 21,8% barna áttu foreldra án atvinnu en á landsvísu var hlutfallið 14%. Hlutfall atvinnuleitenda á Suðurnesjum sem eingöngu höfðu grunnskólapróf var 69% (Velferðarráðuneyti, 2013). Áhrifaþættir sem geta haft áhrif á aukningu ofbeldismála eru til að mynda atvinnuleysi, lítil menntun og fjárhagserfiðleikar (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Nánari skoðun heimilisofbeldismála innan kerfis hjá embætti lögreglustjóra Suðurnesja, sem gerð var árið 2011, leiddi til þess að embættið taldi að þörf væri á viðhorfsbreytingu til málaflokksins (Velferðarráðuneyti, 2013). Ljóst varð að skráning, aðkoma og viðbrögð

lögregluumdæmisins við heimilisofbeldi var ekki í takt við verklagsreglur Ríkislögreglustjóra frá árinu 2005. Minnihluti heimilisofbeldismála rötuðu gegnum réttarkerfið og rannsóknarvinna reyndist lítil. Í ljós kom að það vantaði upp á stuðning við þolendur og jafnvel gerendur. Eins var lítið um að gerendum væri vísað á brott af heimilinu eða að á þá væri sett nálgunarbann. Talið var að þetta væru úrræði sem þyrfti að nýta betur.

Embætti lögreglustjóra á Suðurnesjum mat sem svo að heimilisofbeldi falli ekki undir einkamál fólks en væri vandi sem þyrfti að uppræta (Lögreglustjóri Suðurnesja, 2014). Nauðsynlegt var talið að nálgast heimilisofbeldismál með markvissari hætti ásamt því að vera í samstarfi við aðra sem koma að slíkum málum. Liður í því samstarfi var verkefnið *Að halda glugganum opnum* sem embættið fór af stað með í febrúar árið 2013 í samstarfi við félagsþjónustur Suðurnesja; í Reykjanesbær, Grindavík, Sandgerði, Garði og Vogum. Verkefnið var tilraunaverkefni um verklag heimilisofbeldismála til eins árs. Rannsókn á vettvangi hefur verið betrumbætt með breyttu verklagi. Málin eru strax tekin föstum tókum, upptökur teknar af frásögnum viðstaddra aðila, áhersla er lögð á að þolandi fái læknisskoðun, félagsþjónustan er kölluð á staðinn og aðilar fá upplýsingar um aðgengilegan stuðning ásamt því að úrræði á borð við brottvísun af heimili og nálgunarbann eru kynnt. Innan viku er málinu fylgt eftir með heimsókn í þeim tilgangi að ganga úr skugga um að ekki sé hætt á endurtekningu ofbeldisbrots.

Í heimilisofbeldismálum hjá embættinu fjölgaði ákærum til lögreglu um 10% milli áranna 2012 og 2013 og kært var í 70% tilvika (Velferðarráðuneyti, 2013). Árangurinn sem hlaut af verkefninu varð til þess að ákveðið var verklagsferillinn yrði gerður að almennu vinnulagi í heimilisofbeldismálum í febrúar 2014. Félagsþjónustunni er gert kleift að kalla til félagsráðgjafa þegar útköll berast til lögreglu vegna heimilisofbeldis. Ávinningur þess að barnaverndarstarfsmaður komi á vettvang er sá að þolandi og börn fá aukinn stuðning ásamt því að starfsmaðurinn getur vitnað til að um atburði í framvindu málanna.

4.3 Saman gegn ofbeldi

Saman gegn ofbeldi er verkefni gegn heimilisofbeldi og unnið í samstarfi Reykjavíkurborgar og Lögreglu höfuðborgarsvæðisins með þátttöku kvennaathvarfsins og heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu (Erla Hlín Hjálmarsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Rannveig Sigurvinsdóttir, 2016). Við þróun verkefnisins var tekið mið af tilraunaverkefninu *Að halda glugganum opnum* sem fjallað var um hér að framan. Lítið var svo á að vandinn þarfnaðist aukinnar athygli og

afgreiðslu en aukning á heimilisofbeldismálum mældist veruleg milli ára 2014 og 2015 og fóru úr því að vera 200 í 391 sem er nær tvöföldun. Þann 12. janúar 2015 fór verkefnið af stað í tilraunaskyni til eins árs en var framlengt um eitt ár til viðbótar. Verkefnið þótti frétt næmt og jókst umfjöllun um heimilisofbeldi til muna sem getur hafa vakið vitund fólks um alvarleikann að baki slíkra mála og stuðlað að frekari hjálparbeiðnum.

Eins og framan greinir var verkefnið *Saman gegn ofbeldi* byggt á verkferlum tilraunaverkefnisins *Að halda glugganum opnum* sem unnið var eftir í heimilisofbeldismálum á Suðurnesjum. Fleiri lögregluembætti hafa nú tekið verklagið í gagnið ásamt því að verklagið hefur vakið athygli erlendis (Velferðarráðuneyti, 2013).

Í þessum kafla var fjallað um tilraunaverkefni sem unnin voru með markmið um að bæta verklag í aðkomu heimilisofbeldismála og áhersla lögð á að veita börnum í slíkum málum stuðning og aðstoð. Athygli var beint að fjölda heimilisofbeldismála við upphaf og endingu verkefnanna út frá samantekt lokaskýrsla tilraunaverkefnanna. Hér á eftir verður fjallað um helstu lög sem ætlað er að tryggja öryggi og velferð barna ásamt hlutverki skólans í því að mæta börnum sem búa við heimilisofbeldi.

■ Lög og réttindi barna

Í þessum kafla verður fjallað um lög sem eiga að tryggja rétt barna og velferð. Fjallað verður um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, barnaverndarlög (nr. 80/2002) og barnalög (nr. 76/2003) með áherslu á ákvæði sem snúa að vernd barna gegn ofbeldi og annarri háttsemi sem ógnar velferð þeirra. Farið verður yfir atriði innan laga um grunnskóla (nr. 91/2008) sem koma að rétti barna um að þörfum þeirra sé mætt innan skóla og stuðlað að velferð þeirra. Atriði sem snúa að velferð barna innan Aðalnámskrár grunnskóla (2013) og reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum (nr. 584/2010) verða jafnframt tekin til umfjöllunar.

5.1 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1989 og er mannréttindasamningur sem sérstaklega er sniðinn að því að verja rétt barna og velferð þeirra (Umboðsmaður barna, 2014). Barnasáttmálinn hefur verið samþykktur af 192 aðildarríkjum sem skuldbinda sig til að framfylgja sáttmálanum og sníða löggjöf og reglur ríkis að honum. Ísland undirritaði sáttmálann árið 1990 og var hann fullgiltur árið 1992. Það var þó ekki fyrr en 20. febrúar árið 2013 sem sáttmálinn var lögfestur. Í lok árs 2014 höfðu öll lönd heimsins, fyrir utan þrjú, fullgilt sáttmálann og er hann því útbreiddasti mannréttindasamningur heims. Eftir fullgildingu Barnasáttmálans hafa íslensk stjórnvöld unnið að ráðstöfunum á sviði löggjafar, stjórnslu, félags- og menntamála í því skyni að lög og reglur samræmist ákvæðum sáttmálans (Umboðsmaður barna, 2014).

Markmið sáttmálans er að hvert barn hafi tækifæri á að þroskast í ábyrgan og upplýstan einstakling (Umboðsmaður barna, 2014). Með fullgildingu samningsins eru börn viðurkennd sem einstaklingar með sjálfstæð réttindi sem byggð eru á þeirra hagsmunum. Samningurinn tryggir börnum rétt á vernd gegn öllum tegundum ofbeldis og vanvirðandi háttsemi svo sem afskiptaleysi og vanrækslu. Þá á sáttmálinn einnig að tryggja rétt barna til að koma skoðunum sínum á framfæri í þeim málum sem snerta þau. Stjórnvöldum er gert skylt að veita börnum, sem hafa þurft að þola illa meðferð viðeigandi stuðning. Á herðar stjórnvalda falla þær skyldur að tryggja velferð barna á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála.

5.2 Barnaverndarlög og barnalög

Barnaverndarstofa hefur umsjón með að barnaverndarnefndir, sem tilheyra félagsþjónustu sveitarfélaga, framfylgi barnaverndarlögum (nr. 80/2002). Lögin sem starfað er eftir tóku gildi 1. júní árið 2002. Fyrirmynd fyrstu laga um barnavernd á Íslandi var barnaverndarlöggjöf Noregs sem lögleidd hafði verið þar í landi árið 1932. Markmið laganna var að tryggja virkni barnaverndar og voru það áhugasamir einstaklingar um uppeldi barna sem valdir voru til að hafa umsjón með að barnavernd færi að barnaverndarlögum (Barnaverndarlög nr. 80/2002).

Barnaverndarlögin eru unnin út frá mannúðarsjónarmiðum og hafa verið endurskoðuð í gegnum tíðina og þróast töluvert. Endurskoðun laganna fór fram árin 1947, 1966, 1992 og nú síðast árið 2002 (Anni G. Haugen, 2004). Samkvæmt 1. gr. nógildandi laga hafa börn rétt á vernd og umönnum og foreldrum er skylt að gæta hagsmuna þeirra ásamt því að búa þeim þroskavænlegar uppeldisaðstæður (Barnaverndarlög nr. 80/2002). Börn eru skilgreind sem einstaklingar að átján ára aldri en undir sérstökum kringumstæðum er hægt að seinka sjálfræði til tuttugu ára aldurs. Fram að sjálfræðisaldri ber foreldrum og/eða forráðamönnum að sjá fyrir barninu. Barnaverndarlögum er ætlað að tryggja börnum rétt til verndar af hálfu hins opinbera þegar foreldrar bregðast (Jónína Einarsdóttir, Sesselja Th. Ólafsdóttir og Geir Gunnlaugsson, 2004).

Hagsmunir barnsins skulu alltaf hafðir að leiðarljósi samkvæmt nógildandi lögum og leitast skal við að styrkja uppeldishæfni foreldra (Barnaverndarlög nr. 80/2002). Ef aðbúnaður eða aðstæður barna eru óásættanlegar á einhvern hátt skal grípa inn í á viðeigandi hátt. Eins þarf að hlúa að börnum sem sýna hegðun sem stofnar heilsu þess og þroska í hættu.

Í 16. gr laganna er almenningi gert skylt að tilkynna barnaverndarnefnd ef grunur leikur á að uppeldisaðstæður séu óviðunandi, barn sé beitt ofbeldi eða annarri áreitni eða ef heilsu og þroska er stefnt í hættu vegna vanrækslu eða eigin hegðunar (Barnaverndarlög nr. 80/2002). Tilkynningarskyldan nær einkum til aðila sem starfa með börnum. Þá fjallar 21. gr. laganna um að barnaverndarnefnd skuli taka afstöðu til tilkynntra mála innan sjö daga frá tilkynningu og hvort hefja eigi könnun á málinu.

Í 28. gr. barnaverndarlaga (nr. 80/2002) kemur fram að foreldrum beri skylda til að vernda barns sitt fyrir hvers kyns ofbeldi og vanvirðandi meðferð. Tekið er fram í 98. grein sömu laga að andleg og líkamleg vanræksla, eða ofbeldi, gagnvart barni sem ógnar lífi þess eða setur heilsufar þess í hættu, er refsivert athæfi sem varðar allt að fimm ára fangelsisvist. Í 99. grein

laganna er tekið fram að yfirgangur, ruddalegt eða ósiðlegt athæfi sem særir eða móðgar barn sé refsivert og varðar sektir eða fangelsisvist allt að tveimur árum.

Núgildandi barnalög nr. 76/2003 tóku gildi 1. nóvember árið 2003 í kjölfar Barnasáttmálans en þau innihalda ákvæði um skyldur foreldra gagnvart börnum sínum með áherslu á samskipti þeirra á milli (Jónína Einarsdóttir o.fl., 2004). Í 1. gr. laganna kemur fram að börn eigi rétt á vernd og umönnun ásamt því að lifa og þroskast án mismununar af nokkru tagi. Hagsmunir þeirra skulu ávallt vera hafðir í forgangi. Ofbeldi gagnvart börnum er með öllu óheimilt ásamt annarri vanvirðandi háttsemi (Barnalög nr. 76/2003).

5.3 Aðalnámskrá, lög og reglugerðir

Aðalnámskrár eru gefnar út af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og eru nánari útfærsla á lögum fyrir hvert skólastig. Markmið aðalnámskrár er þannig að framfylgja lögum um að allir nemendur hljóti þá menntun og umhverfi til náms sem samræmist lagalegum rétti þeirra (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Nemendum á að mæta á einstaklingsgrundvelli og taka skal mið af þörfum hvers og eins. Grunnskólar eru á ábyrgð sveitarfélaganna sem sjá um rekstur þeirra og bera jafnframt ábyrgð á að lögum sé framfylgt.

Lög um grunnskóla (nr. 91/2008) tryggja réttindi barna til náms með skólaskyldu allra barna frá sex ára aldri fram til 16 ára aldurs. Hlutverk og markmið skólans er samkvæmt 2. grein laganna að stuðla að alhliða þroska nemenda, velferð og menntun ásamt því að mæta þeim á einstaklingsgrundvelli. Ábyrgð, umhyggja og virðing fyrir manngildi eru þættir sem starfshættir innan skóla eiga að mótast af og helsta markmiðið er að skólastarf sé farsælt, öryggi nemenda tryggt ásamt almennri velferð. Skólanum ber að leggja sitt af mörkum svo gott samstarf náist milli heimilis og skóla (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Í skólanum eiga nemendur að finna fyrir öryggi, hafa tækifæri á að þróa og nýta hæfileika sína ásamt því að njóta þess að vera börn (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013). Í 17. grein grunnskólalaga er tekið fram að börn sem þurfa sérstakan stuðning vegna vandkvæða, hvort sem það er vegna fötlunar, námsörðugleika, tilfinninga- eða félagslegs vanda skulu fá hann út frá persónulegum sérþörfum (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Einnig skal stuðla að samvinnu heimilis og skóla með velferð nemenda í fyrirrúmi og huga skal að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan þeirra.

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) er jafnframt fjallað um hlutverk sérfræðipjónustu í grunnskólum sem á að hafa það að markmiði að efla starfsemi skólans á þann hátt að stofnunin sé í stakk búin að takast á við þau vandamál sem upp geta komið í skólastarfi. Mikilvægt sé að leggja mat á vanda nemenda um leið og hann kemur upp svo félagslegum, sálrænum og námslegum vanda sé mætt með viðeigandi hætti. Stuðningur á að vera sniðinn að þörfum nemenda út frá heildarsýn á aðstæður. Skipulag viðeigandi þjónustu er á ábyrgð skólastjóra sem framkvæmd er í samstarfi við félagsþjónustu, barnaverndaryfirvöld og heilbrigðisþjónustu (reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemenda-verndarráð í grunnskólum nr. 584/2010). Kostnaður þjónustunnar er á ábyrgð sveitarfélagsins og fræðslufirvöld sveitarfélaga skulu sjá til þess að nemendur og skólar hafi tryggt aðgang að þeirri sérfræðipjónustu sem þörf er á hverju sinni.

Eins og fram hefur komið er markmið laga um grunnskóla (nr. 91/2008) að stuðla í samvinnu við heimilin að alhliða þroska allra nemenda. Eins og fram hefur komið er kveðið á um að sveitarfélög skuli veita sérfræðipjónustu í skólum með stuðningi við nemendur og fjölskyldur þeirra. Er sú áhersla í takt við þá umræðu sem fram hefur farið undanfarna áratugi um mikilvægi skólans sem velferðarstofnunar. Í því sambandi er mikilvægt að skólar séu í raun stakk búnir að þeir geti mætt margvíslegum þörfum nemenda. Oft verða kennarar þess fyrst áskynja hvers er þörf í lífi barns. Það er þó ekki á valdi kennara að ráða einir við það ofurverkefni sem aðstoð við sum börn getur orðið og því þörf á samstarfi við annað fagfólk. Í því sambandi má benda á mikilvægi þess að félagsráðgjafar starfi innan grunnskóla til aðstoðar börnum, fjölskyldum og kennurum. Skólafélagsráðgjafar vinna út frá heildarsýn sem er hin hugmyndafræðilega nálgun og faglegi grunnur í vinnuaðferðum félagsráðgjafa. Þeir styðjast við vistfræðikenningar (Bronfenbrenner, 1979) í störfum sínum til að stuðla að góðri sálfélagslegri líðan nemenda.

Markmið skólafélagsráðgjafar er að greina og meta þá þætti sem geta haft áhrif á námsferlið og almenna líðan (Sigrún Harðardóttir, 2015; Jarolmen, 2014). Þeir vinna í kjölfarið að frekari þróun forvarna- og stuðningsúræða fyrir nemendur til að tryggja að allir geti notið sín í skólaumhverfinu, jafnt námslega, félagslega og tilfinningalega.

Í þessum kafla hefur verið stiklað á stóru um helstu lög innan íslenskrar löggjafar sem snúa að velferð barna. Í næsta kafla verða niðurstöður settar fram, þær ræddar í fræðilegu ljósi og dregnar af þeim ályktanir.

■ Niðurstöður og umræða

Í þessari ritgerð hefur verið fjallað um áhrif heimilisofbeldis á börn. Markmið ritgerðarinnar var að varpa ljósi á áhrif heimilisofbeldis á börn, birtingarmyndir einkenna og afleiðingar þess með áherslu á langtímaafleiðingar. Þær spurningar sem leitast var við að svara eru: Hver eru einkenni þess að börn hafa orðið fyrir neikvæðum áhrifum af heimilisofbeldi? Hefur heimilisofbeldi langtímaafleiðingar á börn? Hver er lögbundinn réttur barna til að búa við öryggi og velferð?

Niðurstöður benda til að börn sem búa við heimilisofbeldi bera þess merki sem geta verið af ýmsum toga vegna þess hve ólík börn eru að upplagi. Einkenni þess að börn hafa orðið fyrir neikvæðum áhrifum geta birst í líkamlegum, tilfinningalegum og félagslegum vandkvæðum ásamt tengslavanda og erfiðleikum til náms. Líkamleg einkenni sem hafa ekki læknisfræðilegar skýringar eins og tíðir maga- og höfuðverkir. Tilfinningalegt ójafnvægi, kvíði, spennu, þunglyndi og angst eru einkennandi fyrir heimilsvanda barns. Félagslega eiga börnin í erfiðleikum með að aðlaga sig stað og stund sem einkennist af því að þau eru ýmist árásgjarnari en tilefni er til eða draga sig í hlé og taka ekki þátt með viðeigandi hætti. Þau eru gjörn á að mynda ekki sterk og góð vináttutengsl við jafnaldra. Streitan sem þau finna fyrir hefur áhrif á frammistöðu þeirra til náms vegna depurðar og vanmáttar í aðstæðunum en einnig getur streitan haft raskað þroska heilans og námserfiðleikarnir af líkamlegum orsökum (Ingólfur V. Gíslason, 2008; Carracedo o.fl., 2018; Devaney, 2015; Evans o.fl., 2008; Holt o.fl., 2008; Hornor, 2014; Jeevasuthan og Hatta, 2013; Lehman og Ellison, 2001; Lucinda Árnadóttir og Urður Njarðvík, 2017; Margolin og Vikerman, 2007; Monnat og Chandler, 2015; Mullender o.fl., 2002; Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006; Lamers-Winkelman o.fl., 2011; Sadock og Sadock, 2007; Tsavoussis o.fl., 2014; Yount o.fl., 2011).

Af þessum niðurstöðum má draga þá ályktun að mikilvægt sé að koma í veg fyrir að heimilisofbeldi þrífist í fjölskyldum. Í því sambandi er mikilvægt að tryggja áframhaldandi fjárhagslegan stuðning við þau forvarnarverkefni sem unnið hefur verið að í samstarfi lögreglu og félagsmála- og barnaverndaryfirvalda. Með því væri hægt að tryggja viðbrögð og aðstoð við börn og fjölskyldur um allt land.

Þegar kemur að því að svara því hvort heimilisofbeldi hafi langtímaafleiðingar á börn sýna niðurstöður ritgerðarinnar glögglega að heimilisofbeldi hefur bæði skammtíma- og langtímaafleiðingar (Lamers-Winkelman o.fl., 2011; Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg

Sveinsdóttir, 2006) sem hafa skaðleg áhrif á þroska og velferð barna (Fergusson og Horwood, 1998). Langtímaafleiðingar geta verið truflun á heilaproska sem veldur vanda til sálfélagslegrar aðlögunar og hamlar getu einstaklingsins til að mynda sterk og góð tengsl við annað fólk. Skerðing verður á getu til náms sem dregur úr möguleikum til að auka efnahagslega afkomu. Lífsgæði barna og ungmenna sem alast upp við heimilisofbeldi eru því takmörkum sett á fullorðinsárum (Lamers-Winkelman o.fl., 2011; Margolin og Vikerman, 2007; Tsavoussis o.fl., 2014).

Í ljósi þess má álykta um mikilvægi þess að velferðarstofnanir eins og skólar bregðist við og þrói verklag til að taka á málum þar sem grunur er um að börn búi við heimilisofbeldi. Forvarnargildi gæti jafnframt verið fólgið í því að fræða foreldra um mikilvægi góðra tengsla fyrir þroska og velferð barna ásamt því að auka skilning á neikvæðum áhrifum sem heimilisofbeldi hefur á þroskaferil (Ainsworth o.fl., 1978; Ainsworth, 1979; Bowlby, 1982; Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006). Þessir þættir stuðla að góðum aðbúnaði barna og gætu dregið líkum þess að barn alist upp við ofbeldi á heimili (Bronfenbrenner, 1979).

Einnig má álykta að forvarnarstarf í fræðsluskyni fyrir fagfólk skóla- og heilbrigðiskerfis og aðra sem koma að uppeldi barna til að auka þekkingu á afleiðingum heimilisofbeldis beri líklega árangur með aukinni hæfni til að bera kennsl á einkenni í fari barna sem búa við heimilisofbeldi. Líkur geta jafnframt aukist á að gripið sé inn í aðstæður með viðeigandi stuðningi (Bronfenbrenner, 1979). Með auknum skilningi samfélagsins á mikilvægi þeirra áhrifa sem góð tengsl og jákvæð samskipti geta haft á þroska barna er líklegt að aukin samvinna skapist milli kerfa samfélagsins sem koma að lífi barna, svo sem leikskóla, skóla, heilsugæslu, lögreglu og barnaverndar, og dragi úr hættu á langtímaafleiðingum heimilisofbeldis fyrir börn (Bronfenbrenner, 1979).

Þegar litið er til einkenna í fari barna vegna neikvæðra áhrifa heimilisofbeldis hafa niðurstöður rannsókna bent á að persónugerð hefur áhrif á hegðunareinkenni sem geta verið úthverf eða innhverf en hvoru tveggja geta verið birtingarmyndir slakrar félagsfærni vegna aðlögunar- og tilfinningavanda af völdum heimilisofbeldis (Carracedo o.fl., 2018; Lamers-Winkelman o.fl., 2011; Jeevasuthan og Hatta, 2013; Tsavoussis o.fl., 2014; Lehman og Ellison, 2001; Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006). Auk þess hafa rannsóknir sýnt fram á að einkenni námsörðugleika, athyglisbrests, hömluleysis og áfallastreituröskunar geti verið afleiðing streituvíðbragða við heimilisofbeldi sem getur hafa valdið röskun á miðtaugakerfi og

truflað heilabroska (Lehman og Ellison, 2001; Margolin og Vikerman, 2007; Tsavoussis o.fl., 2014). Það er því ljóst að neikvæð áhrif heimilisofbeldis á börn kalla fram ýmis einkenni sem geta hamlað þeim á skólagöngunni og fellur í hlut skóla að veita einstaklingsmiðaða þjónustu vegna þessara vandkvæða (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Hér má sjá áhrif kerfa sem koma að lífi barns hvert á annað og vísar til mikilvægi þess að tengsl og samskipti milli kerfa séu góð svo barnið njóti beinna áhrifa (Bronfenbrenner, 1979).

Í ljósi niðurstæðna má ætla að mikilvægt sé að skólafélagsráðgjafar starfi innan allra grunnskóla. Þeir vinna út frá heildarsýn á aðstæður barnsins og styðjast við vistfræðikenningar (Bronfenbrenner, 1979) í störfum sínum til að stuðla að góðri sálfélagslegri líðan nemenda (Sigrún Harðardóttir, 2015; Jarolmen, 2014). Markmið vinnu þeirra er að greina og meta þá þætti sem geta haft áhrif á námsferlið og almenna líðan og vinna að frekari þróun forvarna- og stuðningsúrræða fyrir nemendur til að tryggja að allir geti notið sín í skólaumhverfinu, jafnt námslega, félagslega og tilfinningalega. Með þekkingu sinni á einstaklingsþroska, fjölskyldusamskiptum, löggjöf, þjónustustofnunum og félagslegum úrræðum mynda skólafélagsráðgjafar mikilvæga brú á milli skóla, fjölskyldu og samfélags.

Af niðurstöðum má draga þá ályktun að heimilisofbeldi teljist ekki til einkamála fjölskyldunnar heldur vanda samfélagsins sem þarf að veita frekari athygli og vinna gegn. Með auknum skilningi og þekkingu á heimilisofbeldi getur umræða opnast í samfélaginu og styrkt tengsl milli kerfa samfélagsins (Bronfenbrenner, 1979). Nauðsyn er að þróun úrræða eigi sér stað í samvinnu stjórnvalda og sérfræðinga í stefnumótun. Samfélagið ber ábyrgð á að grípa til aðgerða svo lögum um réttindi barna til verferðar sé framfylgt og að börn búi við þroskavænleg skilyrði.

Þessar niðurstöður gefa til kynna að þekking og skilningur fagfólks og almennings séu mikilvægir þættir í forvörnum gegn heimilisofbeldi sem geta dregið úr afleiðingum heimilisofbeldis á börn. Af þessum sökum er mikilvægt að halda athygli við málaflokkinn og bæta við þekkingu innan hans ásamt því að sinna forvarnarstarfi með fræðslu allra stétta samfélagsins. Niðurstöður benda til að álykta megi um mikilvægi þess að fagfólk innan skóla og heilbrigðiskerfis búi yfir þekkingu og hæfni til að bera kennsl á einkenni afleiðinga heimilisofbeldis fyrir börn og að áframhaldandi fræðsla að geti borið árangur við forvarnir.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013 /2013.
- Ainsworth, M. D. S., Blehar, M. C., Waters, E. og Wall, S. (1978). *Patterns of attachment: A psychological study of the strange situation*. New Jersey: Lawrence Erlbaum.
- Anni G. Haugen. (2004). *Beiting úrræða í barnaverndarmálum, mörkin milli stuðnings og þvingunar og ákvörðunarferlið. Hlutur Íslands í norrænni samanburðarrannsókn* (ritröð 1). Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Barnalög nr. 76/2003.
- Barnaverndarlög nr. 80/2002.
- Beckett, C. og Taylor, H. (2012). *Human growth and development* (2. útgáfa). London: Sage.
- Berk, L. E. (2009). *Child development* (8. útgáfa). Boston: Pears.
- Bowlby, J. (1982). *Attachment and loss: Volume 1* (2. útgáfa). London: Basic Books.
- Bowlby, J. (1988). *A secure base: Parent-child attachment and healthy human development*. London: Basic Books.
- Bronfenbrenner, U. (1979). *The Ecology of human development: Experiments by nature and design*. Cambridge: Harvard university press.
- Bronfenbrenner, U. (1994). Ecological models of human development. Í M. Gauvain og M. Cole (ritstjórar), *Readings on the development of children* (2. útgáfa) (bls. 37–43). New York: Freeman.
- Carracedo, S., Farina, F. og Seijo, D. (2018). Children exposed to intimate partner violence: impact assessment and guidelines for intervention. *Revista de Psicología Clínica con Niños y Adolescentes*, 5(3), 16–22.
- Devaney, J. (2015). Research review: The impact of domestic violence on children. *Irish Probation Journal*, 12, 79–94.
- Erla Hlín Hjálmarsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Rannveig Sigurvinsdóttir. (2016). *Saman gegn ofbeldi: Úttekt á samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gegn ofbeldi*. RIKK: Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum.
- Evans, S., Davies, C. og DiLillo, D. (2008). Exposure to domestic violence: A meta-analysis of child and adolescent outcomes. *Aggression and violent behavior*, 13, 131–140.

- Fergusson, D. M. og Horwood, L. J. (1998). Exposure to interparental violence in childhood and psychosocial adjustment in young adulthood. *Child Abuse and Neglect*, 22, 339–357.
- Freydís J. Freysteinsdóttir. (2012). *Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd* (2. útgáfa). Sótt af <http://www.bvs.is/files/file468.pdf>
- Guðrún Kristinsdóttir. (2014). Ofbeldi á heimilum: Leitað til barna og unglunga. Í Guðrún Kristinsdóttir (ritstjóri), *Ofbeldi á heimili: Með augum barna* bls. (17–59). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hesse, E., Main, M. (2000). Disorganized infant, child, and adult attachment: Collapse in behavioral and attentional strategies. *Journal of The American Psychoanalytic Association*, 48(4), 1097–1127.
- Holt, S., Buckley, H. og Whelan, S. (2008). The impact of exposure to domestic violence on children and young people: A review of the literature. *Child Abuse and Neglect*, 32, 797–810.
- Honor, G. (2005). Domestic violence and children. *Journal of child and adolescent group therapy*, 71, 339–352.
- Honor, G. (2014). Child neglect: Assessment and intervention. *Journal of Pediatric Health Care*, 28(2), 186–192.
- Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum: orsakir, afleiðingar, úrræði*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Jarolmen, J. (2014). *School social work: A direct practice guide*. Thousand Oaks: Sage.
- Jeevasuthan, S. og Hatta, Z. A. (2013). Behavioural problems of children exposed to domestic violence in rural villages: A micro social work inquiry in piranpattu village at Chankanaï divisional secretariat, Jaffna, Sri Lanka. *Procedia – Social and Behavioral Sciences*, 91, 201–207.
- Jónína Einarsdóttir, Sesselja Th. Ólafsdóttir og Geir Gunnlaugsson. (2004). *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi – Höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða*. Reykjavík: Miðstöð heilsuverndar barna og Umboðsmaður barna.
- Lamers-Winkelmann, F., Willemsen, A. M. og Visser, M. (2011). Adverse childhood experiences of referred children exposed to intimate partner violence: Consequences for their wellbeing. *Child abuse and neglect*, 36, 166–179.

- Lehmann, P. og Ellison, E. J. (2001). Traumatic responding in children exposed to domestic violence: A cross-cultural study. *Journal of Ethnic & Cultural Diversity in Social Work*, 10(4), 81–102.
- Lucinda Árnadóttir og Urður Njarðvík. (2017). Mat á kvíða- og þunglyndiseinkennum íslenskra barna sem búið hafa við heimilisofbeldi. *Sálfræðiritið - Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 22, 73–83.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Lögreglustjórinn á Suðurnesjum. (2014). Skýrsla: Tilraunaverkefni lögreglunnar á Suðurnesjum og félagsþjónustunnar í heimilis ofbeldismálum. „Að halda glugganum opnum“. Reykjanesbær: Höfundur. Sótt af <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2015/08/%C3%81rssk%C3%BDrsla-LSS-2014.pdf>
- Margolin, G. og Vickerman, K. A. (2007). Posttraumatic stress in children and adolescents exposed to family violence: II. Treatment. *Professional Psychology: Research and Practice*, 38(6), 620–628
- Monnat, S. D. og Chandler, R. F. (2015). Long term physical health consequences of adverse childhood experiences. *The sociological quarterly*, 56(4), 723–752.
- Mullender, A., Hague, G., Imam, U., Kelly, L., Malos, E., og Regan, L. (2002). *Children's perspective on domestic violence*. London, Thousand Oaks: Sage.
- Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir. (2006). *Verndum þau: Hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglingum*. Reykjavík: Mál og menning.
- Prinz, R. J., og Feerick, M. M. (2003). Next steps in research on children exposed to domestic violence. *Clinical Child and Family Psychology Review*, 6, 215–219.
- Ragna B. Guðbrandsdóttir. (2013). *Tilraunaverkefni Barnaverndarstofu um þjónustu við börn sem búa við heimilisofbeldi: Lokaskýrsla verkefnisins frá 15. september 2011 – 31. maí 2013*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010.
- Sadock, B. J. og Sadock, V. A. (2007). *Kaplan and Sadock's synopsis of psychiatry: Behavioral sciences/clinical psychiatry* (10. útgáfa). Philadelphia: Lippincott Williams & Wilkins.
- Sigrún Harðardóttir. (2015). *Líðan framhaldsskólanemenda: Um námserfiðleika, áhrifaþætti og ábyrgð samfélags*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF).

- Turner, R. og Horton, R. (2009). When childhood dies. *The Lancet*, 373(9657), 3–4.
- Tsavoussis, A., Stawicki, S. P., Stoicea, N. og Papadimos, T. J. (2014). Child-witnessed domestic violence and its adverse effects on brain development: A call for societal self-examination and awareness. *Frontiers in Public Health*, 2, 178.
- Umboðsmaður barna. (E.d.). *Heimilisofbeldi*. Sótt af <https://barn.is/malaflokkar/ofbeldi/>
- Umboðsmaður barna. (2014). Barnasáttmálinn: Kynning á Barnasáttmálanum. Sótt af <https://barn.is/barnasattmalinn/kynning-a-barnasattmalanum/>
- Velferðarráðuneyti. (2013). Suðurnesjavaktin: Áfangaskýrsla. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/Rit_2013/Afangaskyrsla-Sudurnesjavaktarinnar-2013.pdf
- Walker, L. E. (2000). *The battered woman syndrome* (2 útgáfa). New York: Springer.
- Yount, K. M., DiGirolamo, A. M. og Ramakrishnan, U. (2011). Impacts of domestic violence on child growth and nutrition: A conceptual review of the pathways of influence. *Social Science & Medicine*, 72, 1534–1554.
- Örnólfur Thorlacius. (2011). *Börn sem eru vitni að heimilisofbeldi: Rannsókn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi á félagslegum stuðningi og úrræðum*. Reykjavík: Barnaheill.
- Øverlien, C. (2010). Children exposed to domestic violence: Conclusions from the literature and challenges ahead. *Journal of Social Work*, 10(1), 80–97.